

# HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1908.

9. blað.

Eg hattinn ber eins hátt og mér lízt.

Eftir Holger Drachman.

"*Jeg bærer den Hat som jeg vil.*"

H. D.

Eg hattinn ber eins hátt og mér lízt,  
með hug-dirfð kveð eg það sem mér lízt  
og eg hefi efni til.

Þau ljóð eru ei stolin, þau á enginn annar.

Hvort er eg þá frjáls sem líkindi er til?

Á að knésetja mig þá? — Hver býður og bannar?

Já, blessaðir rausi þeir alt sem þeim lízt.

Eg verð þó eg sjálfur og enginn annar.

Eg þarfnað ekki lánsins.— Eg á í horni hauk,  
og hygg þar sé ei mikill reikningshallinn.

En verði mér að smakka þeirra vanasoðna mauk  
með velgju hræki' eg öllu því í dallinn.

Eg rausnar-gjafar náttúrunnar nýt,  
þó nokkuð hörð hún kröfu að sumu leiði.  
Hin vægu kjör með vilja eg af mér brýt,  
eg vil þau ei.— Hjá pukur-lánum sneiði.

Og skuldi eg engum svo hefi eg hattinn

á hátt þann er sjálfum mér lízt,  
og eg hefi efni til;  
eg þrýsti 'onum ekki o'n í augun á mér,  
og út um landið og sævarhyl  
syng hátt svo minn óður að hlustunum brýzt.  
Þó hrópi upp dóminn hver kollhúfu pattinn  
eg kýs ekki að vera neinn annar en eg er.

Kr. St.



## Áfram og uppávið.

*„Vér trúum á framför mankynsingins áfram og uppávið að eilísu.“*

Í daglegu máli, út um byggðir, þar sem bændahúsin standa strjált og menn fara skemri leiðir sínar oft fótgangandi — og ber þá oft við að þeir nema staðar í húsum er verða kunna á leiðinni, þá þeir hafa hvílt sig um stund og fara af stað aftur. Heyrir maður sagt: „Eg held eg verði að halda áfram,“ eða „þá er bezt að halda áfram“.

Mér finnst aldrei orðið *áfram* notað í eins réttum og sönnum skilningi og þá. Það er að *halda áfram*, að komast ferða-áætlun sína á enda. Þegar er snúið við aftur, og ferðin einhverra hluta vegna ekki farin á enda, segjast sumir „*halda áfram*,“ *halda áfram* heim. En hér er orðið misbrúkað. Það er alls ekki að halda áfam, að hverfa aftur. Það er að hverfa til baka. Málíð sjálft segir oss það, og svo líka eðli allra sanna ferðalaga. Áleiðis snúa sporin áfram, heimleiðis snúa þau til baka.

Þegar skáldið starir út í heiminn og hrópar „til Austurheims vil eg halda“, óskar það sér á burt þaðan sem það er, ferðin er áfram. En þegar það biður, „færðu mig aftur hvar áður eg var“, er leiðin til baka glögg og skýr.

Leiðin áfram er ætið frá staðnum sem maður dvelur á, en aldrei til baka til hans aftur. Staðurinn getur sjálfur verið hár eða lágor. Vér getum átt heima niðri í dalnum og ætlað oss yfir hæðina eða fjallið, þá er farið áfram og uppávið í þeim skilningi. En svo getur heimahúsið líka staðið uppi í hlíðinni en ferðinni heitið ofan í dalinn, þá er leiðin áfram en niðurávið. Í þriðja lagi getur leiðin líka legið beint, yfir sléttar engjar. Í öllum þremur tilfellunum segjum vér að vér höldum áfram, vér förum áfram upp fjallið, áfram ofan í dalinn, áfram yfir sléttuna. Nú vitum vér að mannlífinu í sjálfsu sér er oft líkt við ferðalag, og að það er það í vissum skilningi. Og það er í þeim víðtækari skilningi, sem einnig er hægt að nota orðið áfram alveg á sama hátt og á voru einstaklings ferðalagi, yfir jörðina eða milli nábúahúsanna. Ferðalag þjóðanna, mannlífið sjálft, liggur ýmist uppávið eða ofanávið, en áfram er það altaf, því tíminn elífur og ævarandi, leyfir engum að standa í stað, ekki mönnum eða skepnum, jurtum eða trjám. Ein þjóðin rís til vefs og frama og ríkidaemis; þá segja menn: leið hennar liggur áfram og uppávið. Annari hnignar og hún gengur saman, þá er hún að fara niðurávið, ofan í dalinn. Beinadal mannkynssögunnar, þar sem ein fornaldar þjóðin eftir aðra er orðin hvít og blásin beinahrúga.

Þegar Rómverjar lögðu undir sig Bretland og Valland þá sögðu menn og ýmsir segja enn, þjóðin var að komast ofar, hún var í uppgang. En þó er þjóðin þá, og hershöfðingjar hennar, orðnir tilfinningalausir fyrir öllu nema eigin dýrð, og hermönnum hennar er þá fyrst kend óhlýðni og hversu þeir geti fengið vilja sinn í öllu með því að setjast um sína eigin borg, en síðar verður frelsi hennar að tjóni.

Þegar hinn ógæfusami en ágæti keisari Júlian, er embættlingum fornkyrkjunnar þóknæist að skíra guðniðing, reyndi að rétta við listafræði og heimspeki Grikkja, með því að afnema ríkis-kristina Grísk-Rómversku, hugði hann og margir fleiri að þjóðin væri að taka spor áfram og uppávið. Uppávið var hún að stíga en áfram ekki, hún var að snúa heimleiðis aftur og með

því að rjúfa tímans eilífu lög. Framför er ekki alt sem sýnist. Eins er það þegar um framför ræðir nú á tíma.

Margir álita þeir sé að taka sporin áfram og uppávið í andlegum efnum, þegar þeir leggja trúna á þau atriði milli hluta, og er sama hvort þeir segja „eg trúi“ eða „eg trúi ekki,“ er helzt virðist orðið estir tíma. Svo létt er ekki sporið uppávið, þá væri vinđurinn, er blæs í dag á vestan á morgun á austan, í mynd framfaranna hér í heimi, framfara guðinn. Þá væri ýlustráið er æpir í næturvindinum, jasnt hvaðan sem vindurinn blæs, hans spámaður; þá væri auminginn og hálfvitinn, sem fædist í heiminn, mönnunum bætandi fyrirmyn. Maðurinn eða þjóðirnar er missa sannfæringuna og líka eru að halda áfram að vísu en ekki uppávið. Þær eru að halda á síam eins og maðurinn er heldur áfram út í hringiðuna og týnir sér. Það er að segja, tíminn knýr þær áfram en ekki lengur vilji og atgjörfi.

En svo er til eitt áframhald enn, er miða virðist líka niðurávið. Það segir frá því í Dómarabókunum að Jósúa blés um Jerikó borgarveggi með líðri sínum, er var hrútshorn, og saman kallaði alla Ísraels menn til orrustu með hrútshorni og stefndi þeim áfram. Ennfremur segir frá því, að hann hafi stöðvað sólina svo sigurinn yfir óvinunum yrði rekinn áfram. Sögur þessar eru þjóðsögur, vér vitum það öll, en þó hafa þær sitt líkingagildi.

Vér tölum um raust tímans, um tímans mál, um tímans kall. Það er, hverju nafni sem það er nefnt, framsóknar hvöt hverra tímamóta. En framsóknin er eins og vér gátum um áðan, ýmist uppávið eða ofanímóti. Raddirnar er tíma niðtin tala eru því alls ekki allar eins. Enda heyra menn þær ærið misjafnt. Þær taka fleiri stigbreytingum en sjáfarniðurinn í eyrum skáldsins, er stundum hjúfrar sig eins og hlátur eða stynur sem grátur. Þær hrópa til allrar tilveru mannsins, sem sigurlag, sem herhvöt, samvizku mál, sem vonarlag, með skærum tónum. Og þeir sem heyra þær raddir er tala fyrir ofan þá og kalla þá ofar, þeir menn keppa áfram og uppávið. Hvort heldur það er presturinn Brandur í sjónleik Ibsens eða Channing og Clarke á sjónarsviði mannlegs lífs. Hvort heldur það er

Konsul Bernich í Mannfélagsstyttenum eða Jón Sigurðsson eða Kossuth í hinni lifandi baráttu þjóðanna. Leiðin er uppávið, því rödd tímans, er þeir hlýða, er fyrir ofan þá og kemur skýr og hrein frá framtíðarinnar heimi. En svo heyja sumir aðeins herópið við Jeríkó— til hrútshornsins. Sú rödd kemur hvorki úr loftinu fyrir ofan þá, né úr framtíðarinnar heimi framundan, hún er úr horni Jósúa — þess sem stöðvaði sólina,— þeirra er stöðva vilja komandi tímann, verja uppkomu konarði dags, framför komandi alda. Það er sama hver tilgargunir er með því. Hvort það er að sú sama sól er skein yfir höfðum forfedranna skíni enn yfir oss, að þeirna dagar séu vorir dagar, þeirra öld vor öld, þeirra trú, lög, þjóðarskipun og stjórnarar vor trú, lög, þjóðarskipun og stjórnarfari.

Mennirnir sem halda vilja fornu síðabótar og trúar unléttum óbreyttum, þeir vilja stöðva sólina árið 1517, svo vici lífum enn á þeim degi, í námunda við hamarhljóðið frá kyrkjuhurðinni í Wittenberg er Lúter negldi upp áskorunarskjal sitt til páfatrúar manna. Mér leiðist að benda altaf á han aiskljóð Lúters sjálfs, mér finst hann farinn að verða skeifhöggur. En það er guðdómlegur sigursöngur, hamarhljóðið, frá hvem kyrkjuhurð, er, með hverju ári, menn festa upp ný kæruskjöl gegn yfirlangi páfa, hleypidómu klérka og einfelðni aln cirings. Á það viljum vér allir hlusta, en þá veitum vér að þoka áfram.

Mennirnir er halda vilja við Lávaðadeildinni brezku, vairra öllum jafnréttinda; þeir heyra tímans raust gegnum hrútshcín-ð. Allir þessir eru að halda áfram, en ofanímóti, og það er ekki framför í þeim rétta skilningi. Getum vér og lika á þessu séð vegna hvers það er ekki nóg að segja áfram, heldur áfram og uppávið að eilífu.

Það er áframhaldið sem öll mannleg fullkomrun hvílir á, sem skyld tilvera heimstilverunni sjálfti. Og fullkomrun heimsins er, eins og flestum er margsannað og ljóst, áfram og uppávið. Úr frumþokunni veltur jörðin fram, tilvonandi bústaður manna og dýra, skóga og jurta. Lífið kvíknar, breiðir sig yfir jörðina í skógargreinum, jurtaskráði, húsum og heim-

kynnum manna. Og frá tyrstu dögum þess, alt til þessa dags er áframhald *upprávið*, til fullkomnumnar, vaxardi skynjum, hríssamari þekking, samþýðanlegri *siðfræðislög* hinum eilífu allsherjarlögum, unz guðslög náttúrunnar verða á endanum síðalögumál mannanna.

\*

\*

Margur segir, þessi regla sem trúaratriði eða sem lífsskoðun, framför mannsins áfram og uppávið að eiífu, er mikið góð, en hvað er til leiðbeiningar, hvað er til að átta sig á, fyrst tímans raddir eru margar og ótal margar falskar? Það getur verið satt að oft sé vant um ráð og ervitt að átta sig, en þó er það meira sprottið af því að hugsun mannsins er tóm, sannferingin í eyði og tóm, en af því að ekkert sé til að átta sig á. Hafa ekki allir, er nokkurt hugskot eiga, meðvitund um rétt og rangt? Segir það ekki til? Hvað er öðrum mönnum fengið til þess að stjórna gjörðum sínum eftir annað en það, og því þá ekki oss einnig hið sama? Hvaða leiðbeiningu aðra hlaut Kant, Napoleon, Darwin, heimspekingurinn, þjóðhöfðinginn, vísindamaðurinn? Alls enga. Það er allra manna efsti dómistóll að ráðfæra sig við um hvert kall tímans sé hið sanna. Og svo er annað er einnig má hjálpa til úrskurðar. Allir eiga einhverja hugsjón um það sem er alfullkomið, fagurt, satt og gott. Í flestum tilfellum köllum vér þá hugsjón guð. Sumir vilja ekki kalla hana það, en þeir hafa ekki getað fundið henni nafn ennþá. Berum gildi þess er oss er ráðfátt með saman við þá hugsjón. Það skýrir það, og það hefir ætíð skýrt vandamál mannanna ánni tíð. Hugsjón þín um hið alfullkomna, sanna og góða, hlýtur ætíð að sundurskilja með öllum atvikum æfinaðar, sem réttum eða röngum, benda á það æðra meðal þess óæðra, það háa hjá því lága, það nytsama meðal þess ónytsama, það góða meðal þess vonda. Oss ætti því ekki að vera ráðfátt í því efni.

Nokkrir segja oss að áframhaldið sé ómögulegt án trúar, trúarinnar er flytur fjöll. Sú trú, kæru vinir, er nú farin að verða nokkuð á annan veg en menn skildu hana til forna. Fjöllin hreyfast ekki nú á dögum, kljúfast ekki í sundur, með því að hrópa „Efata“. Trúin sem flytur nú, er þekkingin er

gjörir sem mest úr litlu manns aſli, svo að það getur rutt braut um hvert öræfið eftir annað og kastað björgum úr veki. En sú trú er trúin á að umbæta hag manna og heim, svo áframhaldið sé eilift og haldist jafnast í réttu lagi. Það er trúin á að manninum ætti að þoka áfram og líða vel, trú á framför mannkynsins áfram og uppávið að eilífu.

Hvert sem hugann langar, hvert sem augun horfa, dænum gildi þess er vér eigum um að velja eða hafna við hugsjón voru um hið fullkomna, og verum vakandi fyrir röddinni er berst til vor að ofan frá og kallar oss hærra og hærra.

Par bíða óðul hins ónumda lands  
að entum þeim klungróttu leiðum;  
sú friðkeypta ættjörð hvers frjálsborins manns  
sem felur hin skínandi sigurlaun hans  
að baki þeim blágrýtis heiðum.



## Nokkrir fornmann.

*Framhald.*

### Eggert Magnússon Vatnsdal.

Einn hinna rösklegustu og mannborlegustu gamalmenna íslenskra hér vestra, eins og mynd sú ber með sér er „Heimir“ flytur af honum, er skippherra EGGERT MAGNÚSSON VATNSDAL. Hann er maður hniginn mjög að aldri, en er þó enn hinn ernasti til sálar og líkama. Hann er fæddur árið 1831, þann 9. Júní, og er fæðingar staður hans Skáleyjar í Eyjahreppi í Barðastranda-sýslu, þar sem Einar Skálaglamm námi land.

Foreldrar Eggerts voru: Magnús Einarsson bóndi á SkálEyjum, — bróðir Eyjólfs alþingismanns Einarssonar frá SvefnEyjum, þess er Matth. Jochumsson kvað um, — af svonefndri

Svefneyja ætt, og Sigríður Einarssdóttir, Ólafssonar hreppstjóra í Eyjahreppi og Ástríðar Guðmundsdóttur ættaðri úr Eyjahreppi. Voru þær systur Sigríður móðir Eggerts og móðir Matt. skálds Jochumssonar, en bróðir þeirra var Guðmundur prófastur Einarsson á Breiðabólstað, alþingismaður o. fl.

Eggert var á þriðja ári, þegar móðir hans dó og var honum þá komið í fóstur til Helgu Jónsdóttur frá Djúpalal (fóstursystur Björns Jónssonar ritstjóra Ísafoldar). Er hann var 13 ára fór hann aftur til föður síns og dvaldi hjá honum í 5 ár, en réðist þá út í Flatey til Brynjólfss Beníktssonar, kaupmanns Bogasonar frá Stáðarfelli. Var hann þar fyrirvinna og stundaði sjó. Lét honum sá starfi vel, enda hneigðist hugur hans mjög snemma til sjómensku.

Með Brynjólfí var hann þangað til árið 1861 að hann sigldi til Kaupmannahafnar. Erindið var að fullkomna sig í sjómannafræðinni, og innritiðist hann við sjómannaskólanum í Flensburg 25. Okt.

EGGERT MAGNUSSON VATNSDAL

1861, en útskrifaðist þaðan með ágætis vitnisburði 25. April 1862, og er A. W. Schim undirritaður prófdómandi í prófsbréfnum. Að hann lauk námi á svo stuttum tíma þótti mæta vel gjört, enda var hann sjálfur búinn að búa sig undir og lesa sér til, eins framarlega og kringumstæður hans leyfðu. Þá um



vorið fór hann heim aftur til Flateyjar, en haustið eftir sigldi hann aftur til Hafnar og var þar þann veturn; og með lánstyrk vina sinna í Flatey keypti dekkskip, er hann sigldi til Íslands og færði eftir það í 6 ár. Lán það greiddi hann skjótlega aftur og varð einn eigandi skipsins á liðugu ári enda sat hann sjaldnast uppi er aðrir fóru á flot.

Er hann kom heim úr seinni utanferðinni, gekk hann að eiga heitmey sína Sophíu Friðriksdóttur prófasts Jónssonar af hinni svo kölluðu Reykjálíns ætt úr Skagafirði. Brúðkaup sitt hélt hann í Flatey þann 17. Okt. 1863, og bjuggu þau hjón þar í 3 ár, en fluttust þaðan á Hjarðarnes og voru þar í 20 ár, unz þau fóru til Ameríku sumarið 1886.

Búskapartíð þeirra hjóna á Íslandi var full umsýslu og starfa til velferðar í héraði og til sveitar. Eggert var hinn mesti atorkumaður til lands og sjáfar. Alls sótti hann sjó í 21 ár og þar af var hann 9 ár skiperra á eigin skipi. Fyrstur Íslendinga, nú í seinni tíð, fór hann kaupferðum til Noregs, færði þangað íslenzkar vörur og seldi í Björgvin, en hlóð útlendum varningi. Í ferðum þeim hafði hann með sér tóma Íslendinga er engir kunnu neitt til sjómiennzku því sjómanna skólinn var þá ekki kominn á Íslandi. Er sú upptaka hans á fornnum sið, ein hin merkilegasta og lýsir mæta vel hug og harðfengi hans, ásamt þeirri lofsverðu þrá að líkjast fornmönum í því er betur mátti fara.

Við hreppstjórn tók hann 1868 og hafði á hendi í seytján ár, sýslunefndarmaður var hann og frá þeim tíma unz hann flutti af landi brott. Eins og fleiri bókhnýsnir Íslendingar, lagði Eggert mjög snemma fyrir sig hömeopathiskar lækningar, og þótti hann gefast vel. Hann var skýr og reglusamur, vel að sér í dönsku máli og hafði því full not af ritverkum um það efni er á dönsku voru fáanleg, hjálpaði þá alt til þess að gjöra hann hæfari til að gegna þeim starfa öðrum framar. Tildögum að lækninga starfi sínu lýsti hann á þessa leið, í bréfi til kunningja síns nú fyrir skömmum tíma. Má á þeim kafla sjá, að hann getur líka verið spaugsamur, þegar því er að skifta, þótt gamall sé: „Árið 1872 fékk Sophía sál. slag og lá í rúminu í 5 ár.

Varð það til þess að eg fór að hnýsast í Hömeopathíu, keypti bækur og meðöl. Að lokum tókst mér að hjálpa Sophíu og fleirum, enda þeim sem læknar gáfu litlar vonir með. Var þá oft gestkvæmt og kom það oft fyrir að 6 — 10 voru framandi næturgestir og keyptu meðöl og fl. fyrir 3—4 krónur,— stundum lánað, — tapaði eg þannig oft peningum, en það margborgaði sig, því eg varð svo montinn og upp með mér af að geta hjálpað fólk.... Undir þessum kringumstæðum reyndist Sophía eins og ætið fullkomin og uppörvandi kona sem alt vildi bæta og græða".....

Heimili þeirra hjóna á Íslandi var, að kunnugra manna sögn, fyrirmynnd að háttprýði, reglusemi og dugnaði. Og styrkur hefir það verið héraði hans að þeim hjónum því þau ólu upp 5 vandalaus börn og fluttist eitt þeirra með þeim hingað vestur. Heimakennara héldu þau til að uppfræða börn sín og fósturbörn í einföldum fræðigreinum, og þótt slíkt væri ekki einsdæmi á Íslandi í þá tíð, þá voru það þó aðeins efnaðri bændur er ráð höfðu á slíku, enda voru þau hjón mikið fremur efnuð, veitandi mörgum þurfalingi. Var hjálpsemi þeirra jaðan gjörð eftir-tölulaust og án alls yfirlætis.

Árið 1886 fluttust þau hjón alfarin af Íslandi, og settust að í Íslendinga byggðinni í Pembina Co. í N. Dak., skamt austur af Mountain (Víkur) pósthúsi. Þar bjuggu þau rausnarbúi rúm 13 ár. Á þeim tíma mentuðust synir þeirra og kvonguðust burtu. Fluttust þeir allir feðgar, ásamt tengdasyni Eggerts, Birni Austfjörð, um þetta leyti til nýlendu er Íslendingar frá Dak. mynduðu í Roseau Co. í Minn. Er sú byggð nú að heita má gjöreydd af Íslendingum og þeir flestir fluttir norðvestur í Canada til hinnar svonefndu Foam Lake byggðar í Sask. Pangar fluttu þau með yngsta syni sínum, Þórði, veturninn 1906 og voru þau hjón hjá honum þar til á þessu hausti að Sophía kona Eggerts andaðist þann 26. Okt. Var það stór sorgaratburður og finnst nú ekkjumanninum aldna tómt um eftir andlát konu sinnar er hann unni hugástum, og var hans tryggasti hollvinur um þann langa aldur er samfarir þeirra entust. Undi hann sér því ekki á staðnum þar sem hún dó, en leitaði til

byggðarinnar er þau lengst höfðu búið í, hér fyrir vestan haf, og fór alfarinn suður, til Halldóru dóttur sinnar og Björns Austfjörðs í Hensel í N. Dak., snemma á þessum vetri. Þaðan skrifar hann: — „Partur af sálinni er flúinn— En hvert? Það ættu prestarnir að vita— það vissu þeir gömlu.“— Þótt þetta sé í gamni sagt, er þó full alvara bak við orðin. Helmingur lífsgleðinna, tilverunnar, er horfinn.

Börn þeirra hjóna er upp komust eru 4, öll myndarleg og skýr. Elías bóndi að Mountain í Dak., Friðrik kaupmaður í Wadena Sask., Halldóra kona Björns kaupmanns Austfjörðs í Hensel í Dak. og Þórður timburkaupmaður í Wadena í Sask.

Eggert er maður hár vexti, þrekvaxinn og var hið mesta karlmenni í æsku, ör í öllum hreyfingum, ríkur í lund upplitsfríður og djarfmannlegur, brúneygur og skýreygur, lítið eitt orðinn lotinn í herðum. Á gamalsaldri ber hann höfðinglegan svip. Hann er líkari fyrir að vera einn hinna fornú Vestfirðinga en nútíðar menn flestir. Skáldmæltur er hann vel sem frændur hans, og unað hefir hann af *ljóðum*. Hann er hugsana ríkur, fyndinn og glaðvær, en kreddumaður enginn og mjög frjáls í skoðunum. Unitari hefir hann verið að skoðunum meiri hluta aldurs, og hendir oft ólaust gaman að orðaslysni bókstafs manna er þeir eiga í ræðum við hann. Hann er hreinskilinn og ógjarn á að sýnast, og ann því illa óráðvendni í orðum og 8jörðum. Hann er víðlesinn og víðförull. „Endir ferða nærrí“, segir hann í bréfi, og ræður það að líkum, þótt „Heimir“ voni, að enn sé alllangur spölur ófarinn. En því þorir „Heimir“ að spá, að fram á hinstu stund muni Vestfirzka víkingnum gamla aldrei bregða að mun, og glaður mun hann kveðja hvern mann, og glaður mun hann kveðja þenna heim, er hann að síðustu ýtir fram á ókunna sæinn.



## Hjarta heiðingjans.

Smásaga eftir Cy. Warman.

Það var kaldur vetrarmorgun og Wasach-fjöllin voru hjúp-  
uð í drifhvítri fannblæju, frá efstu tindum og ofan í rætur; vinna  
erviðismannsins var þrotin í vesturlandinu þangað til fioſt *cg*  
snjóar hyrfi. Þess vegna voru þeir þrír félagarnir, Johnson,  
Botts og Bannihan, staddir í Saltvatnsstaðnum mikla, í Utah.  
þennan morgun. Mánaðar kaupið sitt höfðu þeir að vísu lítt  
skert í vasanum, en það var svo lítið, að það gat naumast enzt  
þeim til viðurværис nema örstuttan tíma.

„Hvað eignum við að gjöra, til þess að komast af þangð til  
í vor?“ spurði Botts, og Bannihan gaf frá sér að svára þeirri  
spurningu. Það virtust einungis vera tveir staðir til, þar sem  
þessir þremenningar gætu hallað höfði sínu að um veturinn;  
annar þeirra var þursamannahælið, en hinn var hegningarárhúsið  
og hvorugur þeirra þótti góður.

Meðan þessir tveir félagar sátu barna í morgun-skímunni  
og hugsuðu um framtíð sína, kom Johnson inn til þeirra, og  
þeir lögðu fyrir hann þessa sömu, torveldu spurningu.

„Þegar þið eruð með Mormónum, þá eigið þið að hafa það  
eins og Mormónarnir og gifta ykkur“, sagði Johnson. „Eg ætla  
að tvöfaldast í Tjaldbúðinni á hánóni á Laugardaginn kemur“  
bætti hann við. „Laugardagur er Sunnudagur í okkar kyrkju.“

„Þá vil eg heldur vinna úti á járnbraut,“ sagði Botts.  
Bannihan sló höndunum á knén og hló hátt.

„Þið gefið okkur þá að eta í vetur“ sagði Botts.

„Ekki eg,“ sagði Johnson.

„Eg sagði þið.“

„Ja, það kemur alt í sama stað niður, við getum það ekki,  
það verður ekkert rúm fyrir ykkur í húsinu. Eg fæ sjö tengda-  
mæður og eitt barn í heimanmund.“

Þeir Botts og Bannihan sátu þegjandi stundarkorn og  
störðu hvor á annan. Það var Botts sem rauf þögnina með  
þessum orðum:

„Göngum burt og gjörum hið sama.“

„Það hleypir í mig hrolli að hugsa til þess“, sagði Bannihan. „Það virðist vera nóg fyrir nann einartn að vera sí eg æ á hausnum, útlendingur í ókunnu landi, en þegar maður er giftur þá dregur maður þó æfinlega dilk á eftir sér, og „samt er meira í vændum“ eins og stendur í kvæðinu. Í þessari hjúskapar-Paradís, sem er hér í Utah, vex fjölskyldan eins čit og einingarnar í margföldunartöflunni, og svo þegar maður deyr, þá eftirskilur maður ekkert til að skifta milli erfingjalla og lögmannsins. Það er þetta, og umhugsunin um þetta, sem hleypir í mig hrolli og kemur mér til að hika.“

„Raggeit!“ hvæsti Johnson, um leið og hann snaraðist úr tjaldinu.

Pegar þeir Botts og Bannihan voru orðnir einir aftur, fóru þeir að skemta sér við það að hlakka til morgundagsins, sem var fiskdagur, og eini dagurinn milli þeirra og Laugardagsins—hjúskapardagsins — sem átti að fela örlög þeirra þien eru ganna í skauti sínu.

Á sínum tíma rann hann líka upp sá dýrðlegi Laugardagur og á hánóni stóðu þeir allir við altarið í hinni heilögu Tjaldbúð, hver hjá sinni forlagadís.

Botts náði sér í gróflega fjöruga brúði frá búgarði nokkrum þar í nánd, en Bannihan fékk sér glóhærða gyðju þar ofan úr dölunum. Hún hafði einhverntíma verið krýnd fyrir Maídrotningu í Provo, og afleiðingarnar af því höfðu orðið þær, að síðan hafði litla höfuðið hennar ætið snúið að „leikpallinum.“

Af því hún var hjálparþurfi og heimilislaus, eins og Bannihan, hafði hún tekið honum til vonar og vara, og þau byrjuðu nú að styðja sig hvort við annað.

Auðvitað sá Bannihan það að sér var ekki til setunnar boðið eftir að hann var nýgiftur, því ekki vildi hann láta „litla sól-argeislann“ sinn svelta. Það var verið að byggja musteri þar um þessar mundir og hann gat fengið atvinnu við að keyra skjöldóttan uxu, sem var láttinn draga grjótsleða, og þá vinnu tók hann. En þegar „Maídrotningen“ hans sá hann röltá á eftir uxanum þá fyrst blöskraði henni. Henni fannst það ekki

„tignarlegt“ af manninum sínum að keyra uxa, svo hún sendi hann tafarlaust til Ogden, til þess að laia að veiða „maskínumeistari“.

Bannihan var þar ekki nema tíu daga, en þegar hanu kom heim aftur fann hann miða nældan í tjaldskörina, og á hann var þetta skrifað:

„Kæri Benny:—

Reiðstu ekki og drektu ekki. Það gerir næstum því út af við mig að hugsa til þess, að þú útlærður „maskínumeistarinn“, skulir þursa að ganga í hversdagsvinnu. Eg veit að það muni sára hjarta þitt að lesa þetta bréf, en þegar þú kemst að því að eg hefi hlutið öldungis himneska atvinnu, þá vonast eg eftir að þú fyrirgefir mér. Eg ætla sem sé að ganga í þjónustu leikfélagsins „Tómás frændi.“

Vertu sæll

Pín . . . „Litla Eva.“

Svo mörg voru þessi orð, og þau verkuðu eins og rothöggi á Bannihan. Hann flutti sig búferlum burtu úr Utah, og hraktist með einum stórum innflyttjendahóp til Vestur-Canada. Vinir hans sátu glaðir og ánægðir heima í hjónabandi sínu, hjá sínum margvíslegu tengdamæðrum. Hann lenti á búgarði í Alberta, en tók sér ábýlisjörð í British Columbia, án þess þó að skemma útlitið um að deyja örreigi hið allra minsta.

Bannihan fékk skjótt atvinnu hjá Orsdale gamla í Edmonton. Hann átti að vera nokkurskonar fregnritari á járnbrautinni og gefa skýrslur yfir vinnuna, bæði til Hr. Smiths og „Hins þöglu“ sem kallaður var, en sem í raun og veru heitir Jones. Eftir að hafa talið teskeiðarnar hans vandlega í þriðja skifti, og ámint hann um að fara sparlega með eignir félagsins, lagði Orsdale gamli blessun sína yfir hann og sagði honum að fara guði á vald upp í Athabaska-fjöll.

Það er viðtekin regla á Grand Trunk járnbrautinni að

vinna var látin sitja í fyrirúmi syrir öllu öðru. Þess vegna urðu allar hjúskapar tengdir og önnur aukaatriði að bíða þang-að til að síðasti naglinn var rekinn um haustið. Auðvitað hafði enginn mælt svo fyrir, en þessi hugmynd ríkti í sálum allra, frá æðsta „húsbóna“ og niðurúr. Það voru nokkurs konar órituð lög, og þeim lögum varð að hlýða.

Svo sem vitanlegt var, varð Bannihan að gjöra sér þessi lög að góðu, eins og aðrir, og það var líka ósköp vel þolanlegt fyrir hann um sumarið, meðan dagurinn rann npp skömmu eftir miðnætti, og hvor helmingur hans var ellesu kl. stundir, en í skamdeginu, um hinan koldimmu Desember-natur sem aldrei ætluðu að taka enda, fann Bannihan sárt til þess hversu þögnin og einveran voru kveljandi í litla kofanum hans uppi á milli klettabeltanna.

Eina dag kom Cree-Indiáni til hans þar í kofann. Hann var ósköp brjóstgéoður og heilmikill jasnaðaimaður. Hann sá þar best hversu misskift er mannanna láni, og sér stax að vor-kenna Bannihan það að þurfa að vera einn þarna í kofanum, en sjálfur kvaðst hann hafa fult hús af ungum og öldnum blóma-rósum. Hann endaði ræðu sína með því að bjóða Bannihan að velja úr hópnum ef hann vildi, en Bannihan mundi þá eftir „litla sólargeislanum“ sínum, glóhærðu gyðjunni, stígandi í himinadýrð sína hjá „Tómási frænda“ á hverju kvöldi, og það hleypti í hann meignum hrolli, svo hann hristi höfuðið. Hann sagðist reyndar vera mjög þakklátur fyrir boðið, en sér findist hann naumast boðlegur blómarósunum þar í dalnum, og með það fór Indiáninn.

Fregnin um nærveru þessa hvíta manns flaug eins og eldur í sinu um allar bygðir og óbygðir þar í nánd, og næsta Sunnudag þar á eftir kom Indiáninn aftur til Bannihans. Þá kom hann ríðandi og hafði stóra hersveit af blómarósunum með sér. Það, að þessir Indiánar áttu hesta, sýndi ljóslega stöðu þeirra í sinu þjóðfélagi. Þau settust öll að miðdegisverði hjá Banni-han, og hann reyndi að gjöra þeim viðtökurnar eins þóknанleg-ar og völ var á. Ein af þessum heimasætum var sérstaklega lagleg og aðlaðandi, og settist hún við hliðlna á gestgjafanum

og stalst til að horfa útundan sér á vangann á honum, þegar hún hét að hann veitti því ekki eftirtekt.

Þegar þau höfðu matast og voru tilbúin til að fara af stað aftur, þá hnipti Indíáninn í Bannihan og benti honum á laglegu stúlkuna og sagði:

„Pessi, þessi þarna, hvernig lízt þér á hana?“

Bannihan varð dálitið hissa á þessari óvæntu bendingu, og í nokkurskonar fáti fór hann að ryðja úr sér heimiklum þakk-lætis klausum yfir Indíánann; hann tók í höndina á stúlkunni, ekki til þess að fastna sér hana til eilífðar, heldur til að kveðja hana samkvæmt sinni írlenzku hæversku.

Einhverskonar fjörglampi hreyfði sér allra snöggvast í brúnu augunum stúlkunnar. Hlýja handartakið hennar, og síðasta tillit hennar, þegar hún var að fara, hleypti ólgu í heita írablóðið, sem rann í æðum hans. Hann studdist höggdofa upp við kofavegginn og horfði þegjaudi á eftir ferðafólki, unz það beygði fyrir skógarnef og hvarf sjónum hans.

Hann settist niður, og sat hreyfingarlaus í draumværri kvöldkyrðinni. Hann hugsaði og hugsaði. Einhverjar óljósar tilfinningar hreyfðu sér í brjósti hans, sem hann hafði aldrei orðið var við þar áður. Hann gat ekki gert sér ljósa grein fyrir, hvaða tilfinningar það voru, eða hvernig þær voru. Hann hlustaði ósjálfrátt eftir hófdyn ferðafólksins, unz hann dó út. Lítill fugl kom fljúgandi niður úr einu trénu, og settist til matar á fátæklega borðinu hans, svolítil skógarínus kcm hlaupandi út úr fylgsni sínu og tíndi upp molana við fætur hans. Rétt á eftir kom vilt hind út úr skóginum og gekk svo nærrí honum að hann gat heyrт hinn léttu andardrátt hennar og talið blettina á síðunni á litla kálfinum sem elti hana, cg hann hefði næstum getað gripið um hornin á hirtinum, sem kom labbandi á eftir skylduliði sínu.

Alt var eins kyrt og þögult eins og það framast gat verið. Aldrei hafði Bannihan fundið sárar til einverunnar en einmitt nú. Og þó það væri hvergi nærrí orðið dimt, varð hann þó feginn að fleygja sér ofan á fletið sitt, og varpa sér á vængjum svefnins yfir á lönd draumdísarinnar. Hann þóttist vera þar í

Evu lausri Eden, þar sem dýrin og fuglarnir undu sér og margfölduðust, en hann var Adam og varð að búa einsamall.

Tveir dagar komu og fóru cg ekkerí bar til tíðinda, en að astui hins þriðja dags kom hin dökkhærða dóttir Indiánans enn á ný. Í þetta sinn flutti hún honum gjafir og vinakveðjur frá föur sínum, og einnig þurkað nautakjöt sem gjöf frá sjálfrí sér. Bannihan hafði kert nokkur ósamistæð orð í Cree-tungunni, og nú huýtti hann þeim saman til að þakka stúlkunni syrir velgjörning sinn og föður hennar. Hann kveikti því næst upp eld, hitaði upp gamlar baunir sem hann átti, steikti nokkra nýja silunga, hitaði kaffi og settist síðan að þessum kræsingum með gesti sínum. Eins og allir Cree-Indiánar, talaði hún miklu skýrara og skiljanlegra mál heldur en viltir Rauðskinnar. Faðir hennar var líka alþektur mælskumaður, cíðheipinn cg skáldmæltur.

Þar sem Írinn og Indiánastúlkán sátu nú þarna augliti til auglitis yfir matarleisunum, datt honum í hug að gaman væri að vita nafn hennar. Harn spurði hana því að heiti og hún svaraði honum í stuttum hjákátlegum orðum yndum sem hljómuðu líkast hlekkja hljóði í vagntengzum. Honum kem til hugar að það væri gaman að vita hvað það þyddi alt saman. Hann spurði hana því um þýðingu nafnsins.

Það birti alt í einu yfir brúna andlitinu þegar hún fór að útskýra fyrir honum að það þyddi: fugl — lítill fugl — lítill söngfugl og smámi saman hafði hann náð allri meiningu þess. — „Kallaðu mig“ sagði hún „til að stytta það, Kah-Moo-We-Hea-Yah-Cess.“ Það er „Söngfuglinn“.

Svo hélt hún áfram að segja honum hvernig þetta nafn væri til orðið, eða öllu heldur hvernig hún væri til orðin eftir þeim skilningi sem hún lagði í það, og það var ómögulegt annað að segja en að brúna ásýndin hennar yrði falleg meðan hún í barnslegri einfeldni sagði sögu sína.

„Fyrir mörgum, mörgum árum síðan.“ byrjaði hún, — hún var átján ára í það heila — „bjuggu þau faðir minn og módir mínn alein hér úti í óbygðunum. Þá voru þau ung — eins ung eins og eg og þú — og þau voru fjarska, fjarska einmana hér úti í fjöllunum. Svo þau báðu Wes-a-ka-chack að senda sér ósköp

lítíð „papoose“\* til þess að skenita móður minni meðan faðir minn væri að veiðum.“

„Þetta var í „Gulllausamánuði,“ eðg svo kom snjórinn og veiðitíminn rétt strax, og faðir minn þurfti að fara og hirða um bogana sína. Þegar móðir míni þurfti að vera svo mikil ein-mana bað hún Wes-a-ka-chack að flýta sér með barnungann, sem hún hafði beðið hann um, og þegar ísinn leysti af vötnnum og viltu gæsirnar fóru að koma heim aftur, kom með þeim einn stór, hvítur svanur, hvítari en snjórinn og fegurri en allir aðrir fuglar — sagði móðir míni, — og hann færði móður minni gjöf — ja, mig. Ekki eins og eg er núna, heldur eins og osur lítinn vængjalausann söngfugl, eins og móðir míni sagði.

Upp frá þessu var móðir míni mjög ánægð og Wes-a-ka-chack er virtur og elskadur og tilbeðinn á heimili okkar síðan. Þess vegna getur okkur ekki verið vel við trúboðann í Dunvegan, sem kemur hingað stundum, og segir okkur að loka heimili okkar og hjarta fyrir Wes-a-ka-chack og tilbiðja andana sem hvítu mennirnir tilbiðja. Það er ekki svo auðvelt fyrir okkur, að rjúfa trygðir við guð seðra vorra sem hefir altaf veið okkur, svo góður, og semi hélt okkur undir sinni verndar hendi löngu áður en hvítu mennirnir virðu til. Heldur þú að guð hvítu mannanna sendi okkur ofur lítið „papoose“ ef við bæðum hann?“

„Quien Sabe! Eg veit ekki“ sagði Bannihan, sem mundi þá eitir að þessi dökka jungfrú talaði ekki spónsku.

„En“ sagði hún með barnslegu sakleysis brosi, „Wes-a-ka-chack gjörði það undir eins.“

Bannihan horfði hissa og þegjandi á þetta dularfulla barns-andlit, og virtist ekki vera neitt hrifinn af hennar guði eða gjöfum þeim er hún treysti honum til að veita. Hún gekk lítið eitt nær honum og studdi sig við litla borðið, og spurði:

„Átt þú konu nokkursstaðar?“

„Ja-á, eg átti einu sinni“ stamaði hann.

„Hvar er hún núna?“

Bannihan brosti, þegar hann hugsaði til „Litlu Evu“ sinnar, og benti til himins. Það hefði orðið árangurslítið erviði

\* Ungbarn. Wes-a-ka-chack = Guð Indiánanna.

fyrir hann að fára að reyra að útskýra það, á þeim fáu orðum sem hann kunni í Cree tungunni, hvar og hvenær og hvernig það gekk til altsaman, svo hann eintengis rétti stóra sauðsvarta lýgi að barninu sem stóð fyrir framan hann, og það létt hann duga.

„Var hún falleg? Eins falleg og þú?“ spurði hún.

„Þúsund sinnum fallegri en eg“ sagði hann og var feginn að geta þó sagt sannleikann í þetta skifti.

Hún sat þegjandi stundarkorn, en svo spurði hún hvort hann elskarði enn þá þessa hvítu fögru, konu sem stigin væri til himna. Hann sagðist vera að reyna að gleyma henni, og þá hýrnaði aftur yfir brúna andlitinu og hún sagðist skyldi hjálpa honum til þess.

Bannihan fór nú að hugsa um að hann ætti að senda þetta tällausa barn óbygðanna heimi til sín, áður en nóttin dytti á. Hann benti út og gerði henni skiljanlegt að það væri farið að dimma.

„Ó, vertu ekki hræddur“ sagði hún. „Wes-a-ka-chack gætir míni ávalt og hann lætur ekkert illt granda þér heldur, því hann veit að eg elskar þig og á þig engu síður en þú átt mig.“

Bannihan eldroðnaði. Hann stóð á fætur, tók í handlegginn á henni og sagði henni blátt áfram að hún yrði að fara.

„Nú— þú— þú vilt mig þá ekki?“ stamaði hún og kipti að瑟 hendinni, og hrökk dálítið afturábak um leið.

„Þú sérð það sjálf“ sagði hann, „að það er ekkert rúm fyrir konu í þessu húsi.“

Hún horfði stöðugt á hann og fetaði sig smátt og smátt nær honum, þar til hún náði til hans með hendinni. Hún studdi hendinni á brjóst hans og sagði með sterkri aherzlu:

„Ekkert rúm hér?“ . . . . .

„Ekkert rúm“ endurtók hún og sló hægt með fingur góðnum á brjóst hans. „Við Indiánarnir eignum miklu fallegra orð“ hélt hún áfram, „og það segjum við til allra, jafnvel þreyttu ferðamannanna sem gægjast inn í tjöldin okkar. „Peen-de-cain-pa-ta-waugh“ segjum við og það þýðir: komið inn, hér

er nóg rún, hér rúmast allir, *allir*. — Hvernig er orð hvítu mannanna sem þýðir ekkert rúm?" sjárdi hún á Cíee málí.

Þetta var meir en hinn góðhjarta í Írlendingur gat þolað. Hann fann að hann hafði móðgad þetta saklausa skógaibarn og hann langaði til að fá fyrirgefningu þess. Hann breiddi út faðminn á móti brúnu meynni, en í stað þess að varpa sér í hann, snaraðist hún út um kofadýrnar, hljóðlaust eins og skuggi.

Bannihan varð dálitið hissa á þessari snöggu breytingu í framkomu hennar. Hann hljóp út á eftir henni og kallaði til hennar að bíða, en hún gaf því engan gaum og hvarf von bráðar út í þögula nöttina. Bannihan snei þá astur heim að kosa sínum, kveikti í þípu sinni og settist viður hugsaði, nnz hann sofnæði út úr hugleiðingum sínum.

Dagarnir komu liðu og hursu, langir sólfríkir somardagar. Bannihan reyndi að sökkva sér ofan í vinnu sína og gleyma öllu því liðna og þó sérstaklega brúnu stulkunni. En því meir sem hann reyndi til að gleyma henni því ljésari varð hún syttir bré skotssjónum hans. Flótti hennar gerði hann enn þá hugsangnari af henni, heldur en hann hafði áður verið. Einnig var hreinskilni hennar og sakleysi, og hið blinda, örugga traust á guði feðra hennar, alveg aðdáanlegt. Og hún var vitur stólká líka; ekki auðug af veraldar vísdómu, en hún vissi vel hvað ást var, án þess þó að hafa nokkurntíma verið kent það; og hún sá það, að ef ekkert rúm var í hjarta mannsins, þá var ekki við því að búast að það væri í kofanum hans heldur. Þess vegna hafði hún líka yfirgefis hann og heimilið hundrad sinnum ein manalegra en það var áður.

Og hvar var „Sólargeislunn“ hans? „Litla Eva“ Hvæð um hana? Hann vissi það vel, að það sem guð hafði einu sinni samtentg í hans kyrkju, það mátti maðurinn ekki sundur slíta. Reyndar var hann ekki viss um að þetta lögmál næði til Mor-mónanná, en meðan hann var ekki viss í þeim sökum vildi hann ekki stofna sér í neina hættu.

Nokkrum dögum seinna kom sendisveinn þangað upp í fjöllin, með nokkur hraðboð frá Orsdale gamla í Edmonton. Flest af þeim voru til Hr. Smiths en eitt var til Bannhans, sem skip-

æði honum að fara til Dunvegan og flytja skýrslu til „hins þögla“ Bannihan varð ésegarlega feginn skíðan þessari, því auk þess sem hann fékk nú tækisæri til að lyfta sér dálitið upp, fékk hann einnig tækisæri til að tala við „Faðirinn“ líka, og spyra hann um þessi vandamál sín. „Faðirinn“ var presturinn í Dunvegan. Enginn vissi eiginlega hvad laun hét, svo þetta tignarnafn hafði verið hengt utan á hann og það notuðu allir. „Faðirinn“ sagði honum líka að bjó navígsla Mormóna íslra var í sama sem náll, og gerði hvorki til né frá, og ráðlagði honum því að taka vesalings stúlkuna að sér undir eins, og snúa henni yfir til réttirnénaðar. Og harn minnti hann á það um leið, að einn sem komið væri, væri erginn Ískur kynblendingur í sínum söfnuði.

„Snúa henni?“ át Bannihan eftir honum, en þegar honum varð litid undir bryrnar á „Föðurnum“ og sá skuggalega glottid á andliti hans, þá sneri hann sér undan og sagði. „Já Faðir,— auðvitað, eg skal snúa henni.“

\*

Það var í „Gulllaufamánuði“ að Bannihan kom til Cree-Indiánans og barði á kofadyr hans. „Kom inn!“ var svarað „hér er nóg rúm“, og hann fór inn og varð þar um nóttina. Auðvitað varð hann að sjá fyrir sjálfum sér með rekkjutjöld, eins og löginn buðu þar vestur í óbygðunum.

„Söngfuglinn“ kom inn og heilsaði honum með nauðast eftirtakanlegri bendingu. Hann elti hana með augunum um alla baðstofuna, þar sem hún hljép um, við að hjálpa mécum sinni til að útbúa matinn. Nærvera hans hafði ekki nein sýnileg áhrif á hana, og það vakti hjá hoñum enn þá dýpri virðingu fyrir þögn hennar og stillingu.

Í rökkrinu, sem var styttra nú heldur en þegar þau fyrst fundust, fór hún út og settist niður á bakka litla lákjárins, sem gægðist léttur og leikandi fram úr fjalla skuggunum og fleygði sér í fangið á Athabaska-fljótinu, sem hreif hann með sér og þaggaði léッta káta sönginn hans, niður í þungan, dimman nið. Eins og stórt, ómóttædilegt bákn, velti það honum áfram með sér,— áfram norður í íshafið endalusa.

Og þannig hafði hún sungið líka. Sál hennar hafði leikið sér létt og kát, og samhljómað rödd hinnar viltu náttúru, altaf þangað til þessi hvíti maður varð á vegum hennar. Hún hafði samfagnað öllu og glaðst af öllu, eins og einungis börn merkurinnar geta gjört, þar til alt í einu að tilfinningar þeirra höfðu runnið saman. Um stutta stund aðeins, hafði hún verið hugfangin af honum þegar hún bauð honum hjarta sitt, án vitundar hans og án vilja hans. Þegar hún ætlaði að varpa sér léttilega í fang þessa manns, eins og litli lækurinn kastaði sér dansandi í fang fljótsins, þegar hún ætlaði að leggja fram sína litlu krafta til að bera með honum byrðar lífsins, þegar hún svaf værast í draumsælu ástarinnar, þá hafði hann ýt henni kulda-lega út úr húsi sínu og hjarta, sökum þess að þar var ekkertrúm. Og nú var hann aftur kominn til hennar, ekki eftir henni. Nei, hún ætlaði ekki að svíkja sjálfa sig á þeirri hugsun. Hann hafði einungis komið af því hann var á ferðinni, til þess að hvíla sig og sofa.

Klukkutíma eftir klukkutíma sat hún þáina í vaxandi nat-ur skuggunum, dreymandi rósfagra, sólbjarta sæludrauma, sem hefðu getað rætst, en sem voru nú eyðilagðir og á eftir tímum. Hún vaknaði upp af þessum hugleiðingum sínum við það að hjartað hamaðist í brjósti hennar, eins og það væri að berjast við að komast þaðan burtu— eithvað burtu. Henni fanst að nærvera hans hefði jafnvel mýkjandi áhrif á raunir sínar. Vitundin um það að hann var nálægur, var eins og læknandi hjálparhönd er snerti hana þar í myrkrinu. Í trénu, syrir ofan höfuð hennar sat lístill fugl og söng brot og brot úr þeim eina söng er hann kunni, svo stakk hann höfðinu undir vænginn og reyndi að telja sér trú um að það væri virkilega komin nött.

Það var því sem næst miðnætti þegar hún stóð upp, drukkin af þessu dularfulla áfengi sem kallað er ást, og hún vék heim að híbýlum sínum. Undir stóru eikar-tré, rétt við kofann, rak hún fótinn í eitthvað mjúkt. Hún leit niður og sá rekkjutjöld og mannsandlit þar í myrkrinu. Máninn, sem alt kvöldið hafði falið sig bak við skýin, gægðist nú alt í einu fram og sýndi henni andlitið á hvíta guðinum hennar, þarna, rétt við fætur hennar.

Hjartað hoppaði í brjósti hennar, svitinn braust út um andlit-  
ið og hana sveimaði. Hún ákallaði Wes-a-ka-chack, og það  
hann að hjálpa sér til að halda honum. En mitt í sinni brenn-  
andi þrá að mega halda honum, vaknaði hún upp við þá hugs-  
un að hann hefði rekið sig frá sér. Hljóðlaust eins og móðir  
annast afkvæmi sitt, kraup hún niður við hlið hans. Hún  
grúsfði sig yfir hann og breiddi út faðminn yfir brjósti hans, en  
þordi þó ekki að snerta hann. Hún sveimaði í kring um hann  
afturábak og áfram, og helti yfir hann brennandi þa num og árn-  
aðar óskum sinnar þögulu sálar. Nú fyrst égjntist hún pávist  
hans ákafar en nokkru sinni áður.

Wes-a-ka-chack hafði auðsjáanlega sent henni hann til að  
eiga hann og njóta hans, og hún óskaði framar öllu öðru að  
eiga hann. Já, jafnvel að deyja við hlið hans var sælt. Bléð-  
ið þaut um æðar hennar með ómælanlegum hraða. Hún rétti  
honum höndina eins og móðir sem bendir til sín barni sínu, en  
hann svaf. Hana langaði til að varpa sér með öllum sínum  
raunum ofan á hið breiða brjóst hans, en þá mundi hún eftir  
því að þar var "ekkert rúm." Ó, því lét ekki Wes-a-ka-chack,  
sem hafði skapað skógana og blómin, því lét hann ekki ein-  
hverja eiturjurt vaxa meðal blémarna? Ef hún aðeins hefði  
eitthvað til að seða hjartsláttinn, eitthvað til að þagga þytinn  
sem suðaði í eyrum hennar, svo að hún gæti hnigið í rólegann  
blund þarna á brjósti hans, eins og lækurinn í faðmi Athabaska-  
fljótsins, og þá gætu þau hvílt saman og dreymt saman í hinu dular-  
fulla hérefstir, og búið saman yfir á landinu hvar allir rúmast.  
Foreldrar hennar eða systkyn mundu finna þau þarna og byggja  
þeim eina stóra gröf á bökkum Athabaska-fljótsins, og þar, að  
minsta kosti, yrði þó nóg rúm. Og þar myndu þau sofa og  
dreyma, og heyra vindinn þjóta í laufunum á sedrustrjánum og  
hlusta á ána þylja sín þungu sorgarljóð, sem aldrei taka enda.  
Hennar mædda sál myndi þá fljúga inní nýjan ókunnan heim.  
Eins og flugdrekarnir hennar höfðu svifið og þyrlast hærra og  
hærra þar til þeir höfðu horfið út í geiminn, þannig ímyndaði  
hún sér að sál sín gæti svifið út í rúmið. Hún var tilbúin til  
að deyja fyrir hann strax eða taka hars líf með sínum eigin

höndum til að fá að kyssa sár hans og mykja hans síðustu andköt. Hún fór að undrast yfir hvers vegna Wes-a-ka-chack hafði sent þenna mann þarna út í óbygðirrar til hennar. Var það einungis til þess að vekja upp þessa sviknu, draunum í huga hennar, og láta hana svo líða fyrir það eina? Nei, svo vondur var ekki gúð Indiánanna. Hún átti hann og átti að eiga hann framvegis. Fram úr öllu öðru braust sú hugsun í huga hennar, að hann mætti ekki sleppa. Ósjálfrátt færði hún höndina ofan að belti sínu og greip fast utan um skeftið a veidknif sínum, sem henni hafði verið getið í Dunvegan, í það eina skifti sem hún hafði gægst út úr óbygðunum og inn í lífneri hvítra manna. Það fór hrollur um hana þegar hún snart við köldu stálinu, og hún sneri sér aftur að Wes-a-ka-chack, sem ávalt hafði gætt hennar og verndad hana, sem hafði látið særða músdýrið verða á vegi hennar eina sinni, til þess að sefa hungur úlfanna er voru að elta hana, og sem hafði latið kvistinn brotna fyrir aftan hana í fyrra, svo gaupan misti af bráð sinni.

Hún sat hreyfingarlaus og hlustaði á hjartsláttinn í brjósti sínu en Wes-a-ka-chack þagði eins og steinn. Eina sinni enn þá beygði hún sig yfir hann og tár — hið fyrsta sem vökvæð hafði augu hennar — rann niður brúnu kinnarnar og ofan á hvíta andlitíð á honum. Hægt og seint opnaði hann augun og sá ásjónu hennar og fágæð hnífblaðið glitrandi í tunglskininu. Honum vað bilt við í fyrstu, en brátt komst hann til sjálfssín og mundi þá eftir því hversu hann hafði sært hjarta hennar. Hann hugsaði hratt, eins og þeir menn sem venjast hinni ótöndu náttúru og þurfa að þeyta gufukatlinum áttatiú milur á klukkustund gegn um kolsvart náttmyrkrið. Hann fékk brátt vald yfir sjálfum sér og dró andann létt og reglulega, meðan hnífurinn sveimaði yfir brjósti hans. Hann lokaði augunum snöggvast, og kastaði svo skyndilega af sér rekkjuklæðunum og stóð á fætur. Stúlkán stóð grafkyr og starði á hann eins og hún væri að vakna af draumi. Gegn um hjartsláttinn í sínu eigin brjósti heyrði hún titrandi og þungan andardrátt hans. Hann bauð henni höndina á sama hátt og hún hafði gjört meðan hann svaf. Hún gekk eitt skref áfram, en tók þá eftir hnífnum í hönd sinni, og hún henti honum eins langt og hún gat inn í skógarrunnann.

„Komdu” sagði Bannihan á Cree máli, og hún gekk öðru skrefi nær honum. „Komdu” endurtók hann „hér er nóg rúm.” Hún fleygði sér í fang hans, og lá titrandi af ekka á brjósti hans. Hún grét létt og mjúkt, en þó eins djúpt og hjartanlega eins og nokkur hvít kona getur grátið. (E. J. Árnason þýddi)